



Umhverfis- og samgöngunefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 31. mars 2022

## **Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um fjarskipti 461. mál.**

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags 30. mars sl. þar sem samtökunum var gefinn kostur á að skila inn umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti.

Neytendasamtökin skiluðu inn umsögn við frumvarpið á síðasta löggjafarþingi og gerðu athugasemdir við 69. gr. frumvarpsins er lýtur að upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja við samningsgerð sem og 72. gr. er varðar m.a. hámarks binditíma fjarskiptasamninga og breytingar á samningsskilmálum.

Athugasemd við 69. gr. frumvarpsins:

Nokkur fjöldi mála sem berst Neytendasamtökunum lýtur að samningum sem komast á í gegnum síma. Oft eru neytendur upplýstir um að þeir geti gengið að ákveðnum tilboðum sem fela gjarnan í sér frímánuði o.s.frv. og telja samtökin mikilvægt að meginefni slíkra tilboða séu veitt á skýran og sannanlegan hátt. Upplýsingar í gegnum síma komast að mati samtakanna oft misvel til skila og er því mikilvægt að fjarskiptafyrirtækjum verði gert að koma upplýsingum áleiðis með skriflegum hætti í framhaldi símtala og að neytendur verði ekki bundnir af samningi nema hann sé staðfestur í kjölfar veittra skriflegra upplýsinga.

Athugasemd við 72. gr. frumvarpsins:

Tvöföldun á binditíma samrýmist að mati samtakanna illa markmiði laganna er lýtur að því að auka vernd og valmöguleika neytenda og stuðla að virkri samkeppni. Skammur hámarksbinditími heldur fjarskiptafélögum á tánum og veitir neytendum aukið frelsi til þess að elta hagkvæmstu leiðirnar hverju sinni. Samtökin líta svo að óbreyttur binditími samræmist betur markmiðum laganna.

Neytendasamtökin telja jafnframt mikilvægt að tilkynningum um fyrirhugaðar breytingar á samningsskilmálum í samræmi við a-lið 2. mgr. sé háttað með skýrum hætti svo tryggt sé að neytendur verði þeirra vart s.s. með tölvupósti. Mikið bar á málum til samtakanna þar sem tilkynningar virtust fara fram hjá neytendum, það er þó vert að nefna að þeim málum hefur fækkað umtalsvert frá síðustu umsögn. Samtökin telja engu að síður mikilvægt að tryggja að tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar berist neytendum s.s. með áskilnaði um sérstaka og skriflega tilkynningu þar sem fyrirhugaðar breytingar eru kynntar og neytendur upplýstir um réttarstöðu.



Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna,

Einar Einarsson

Einar Bjarni Einarsson, lögfr.

Breki Karlsson

Breki Karlsson, formaður